




Michael Graves, Bandaríkjunum.




Dominique Perrault, Frakklandi.



Aldo Rossi, Ítalíu.



Léon Krier, Lúxemborg.



Dominique Perrault, Frakklandi.

viðátt fyrirfram en þetta var skemmtilegt verkefni sem opnaði mér aðra möguleika, til dæmis til að hrinda í framkvæmd sýningu eins og þessari. Ég hafði skapað mér nafn og þekkti alla fremstu arkitekta heimsins og það var ekki lítil kostur, vegna þess að þótt ekki sé hægt að reka einkagallerí um byggingarlist, þá setja stór söfn um allan heim upp sýningar á byggingarlist.

En Garðhúsabærinn er ekki bara teikningar og módel, heldur er hann orðinn að að veruleika, vegna þess að hús þeirra arkitekta sem eiga verk á sýningunni eru smám saman að rísa í Vallensbæk þar sem bæjarstjórnin gaf verkefniinu land. Það var auðvelt fyrir Kirsten að leita til arkitekta um allan heim þegar verkefnið hafði verið samþykkt hjá menningarborginni Kaupmannahöfn 1996; fjótlegra fóru að streyma

inn teikningar og módel og meðal þeirra sem sýna garðhúsahugmyndir sínar eru Mario Rotta frá Sviss, Ralph Erskine, Svíþjóð, Michael Graves frá Bandaríkjunum, Heikkinen og Komonen í Finnlandi, Arata Isozaki frá Japan, Josef Paul Kleinhues frá Þýskalandi, Léon Krier frá Lúxemborg, Henning Larsen frá Danmörku, Richard Meier frá Bandaríkjunum, Enric Miralles frá Spáni, Dominique Perrault frá Frakklandi, Richard Rogers frá Bretlandi, Aldo Rossi frá Ítalíu, Alvaro Siza frá Portúgal og Sören Robert Lund frá Danmörku.

Við Kolonihaven bætist síðan garðhús frá Íslandi innan tíðar, þar sem Arkitektafélag Íslands hélt samkeppni um garðhús í telfni sýn-

ingarinnar og hús sigurvegaranna, Hjördísar og Dennis, mun prýða garðinn. En fyrst verður það reist í fullri stærð innan veggja Kjarvalsstaða, verður síðan til sýnis hér á landi í nokkra mánuði en flyst þá til Danmerkur. „Þessi garður er í stöðugri uppbyggingu og verður það næstu áratugina,“ segir Kirsten. „Ég mun reka hann og bæta við hann á meðan ég lifi og eftir það tekur einhver annar við honum og heldur verkefninu áfram. Þangað til verður þetta eins konar einnar-konu-garður.“

Kirsten segir að upphaflega hafi garðhúsin verið hugsuð sem skjól fyrir veðri og vindum, við litla reiti þar sem borgarþáttur gátu haft litla garða til að rækta smávægis af matjurtum og til að byrja með hafi þeir verið mjög frumstæðir. Þeir arkitekta sem eiga módel og teikningar á sýningunni á Kjarvalsstöðum, eru hins vegar nútímamenn sem sjá allt annan tilgang með húsunum. Sænski arkitektinn Ralph Erskine segist sjá garðhúsið fyrir sér sem lítinn „turn til að svala þeirri barnlegu gleði sem felst í því að klifra upp í tré eða löngun okkar fullorönu til að komast hærra og dvelja innan um laufkrónurnar sem svífa yfir garðinum.“ Mario Botta frá Sviss segir: „Verkefnið er áhugavert vegna þess að það fjallar um mennsk stærðarhlutföll. Nú á tímum risabygginga er arkitektum það holl æfing að takast á við mannlegan mælikvarða.“ Hús hans á að „kalla fram tilfinningu barns sem horfir á heiminn út um rifu á felustað sínum.

Josef Paul Kleihus frá Þýskalandi segist hafa hannað húsið handa dóttur sinni sem er bókaormur og Léon Krier frá Lúxemborg segist hafa reynt að teikna hús sem lítur út fyrir að vera heimili á sama hátt og þegar barn teiknar mynd af húsi. „Markmið mitt var að hanna dæmigert garðhús með hugmyndaauðgi þeirri og ævintýrablað sem er einkenni slíkra smáhúsa. Húsið ber með sér að vera áföng með þaki þar sem gott er að leita skjóls. Þar er eldstæði, rúm, borð og aflokaður garður. Í garðinum er eldivindarskýli.“

### Leyniklefi sem opnast eins og blóm

„Húsið er hannað sem lystihús með útsýni til allra átta,“ segir danski arkitektinn Henning

Larsen um sitt garðhús. „Þaðan er hægt að fylgjast með blæbrigðum birtunnar frá sólaruppkomu til sólarlags og gangi stjarna á næturhimninum. Lagskiptur lokunarbúnaður gerir íbúum hússins kleift að tempra birtuna eftir árstíðum. Á veturna þegar byrgt er fyrir öll op verður húsið eins konar leyniklefi. Á vorin opnast það smám saman, líkt og blóm er springur út, þar til seinasti grindarhlerinn lyftist og hlý sumargolan leikur um innviðina.“

Enn einn tilganginn með sýningunni segir Kirsten vera að sýna mikilvægi iðnaðarmanna í byggingarlistinni. „Það er ekki nóg að teikna húsin,“ segir hún, „til þess að geta búið í þeim verður að reisa þau. Og einmitt þær teikningar sem öllum þorra almennings finnst svo óskiljanlegar, eru leikur einn í augum iðnaðarmanna. Í þetta sinn efnudum við til samkeppni um garðhús og það mun standa hálfbyggt inni á Kjarvalsstöðum á meðan á sýningunni stendur. Þannig geta allir skoðað þá miklu vinnu sem unnin er af iðnaðarmönnum og áttað sig á nákvæmninni sem felst í vinnu þeirra. Það er allt mjög nákvæmlega út reiknað – og við sýnum blöð með útreikningum þeirra.“

Sum húsin eru mjög nýstárleg að gerð og lögum og eru svo agnarsmá að það er ekki gott að átta sig á notagildi þeirra í fljótu bragði. Notagildi þeirra í dag er ólíkt því sem það var í lok 19. aldarinnar. Í Danmörku voru þau fyrst og fremst liður í umbótum á aðbúnaði iðnverksfólks sem bjó við óbærileg lífsskilyrði í borgum. Í dag hugsa margir arkitekta fremur um garðhúsin sem gríðastað þar sem hægt er að njóta einveru og fá næði fjarri streitu borgarlífsins.

### Garðhúsin frá Korpuskóla

Annað nýmæli, sem ekki var á sýningunum í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi, er arkitektúr yngstu kynslóðarinnar á Íslandi. Þar koma við sögu 27 nemendur í 5. og 6. bekk Korpuskóla sem hafa unnið með arkitektinum Örn Mathiesen og kennurinum Arndís Hilmarsdóttur og Jóhönnu P. Ingimarsdóttur að hugmynd um garðhúsabæ. Frumlegri og óhamdari arkitektúr gefur varla að sjá en líkinn verða öll til sýnis á Kjarvalsstöðum, auk þess sem nemendur skýra hugmyndina að baki húsanna á myndbandi.

óskiljanlegar, en þegar við sýnum þessi litlu hús með teikningum, ljósmyndum og módelum, áttar fólk sig á því að byggingarlist er eins aðgengileg og önnur list. Það geta allir tekið afstöðu til hennar. Við þurfum jú öll þak yfir höfuðið; við höfum öll skoðun á því í hvers konar húsnæði við viljum búa.

Garðhúsin eru einföld aðferð til þess að útskýra byggingarlist.

Í lok 9. áratugarins lokaði Kirsten gallerí sínu í Los Angeles og fluttist stuttu síðar til Kaupmannahafnar. „Það er ekki hægt að reka gallerí um byggingarlist,“ segir hún. „Það er ekki hægt að selja vinnu arkitekta í gallerí, til dæmis teikningar og módel. Ég vissi það auð-

Nú er þetta ósköp lítið hús sem þið hönnuðu. Hefði ekki verið skemmtilegra að fá sýningu með stórbrotnum byggingum?

„Nei, þetta er fyrst og fremst spurning um sýningu þar sem fólk getur skoðað hvernig hugmyndir verða til og hvernig er unnið úr þeim – en það er einmitt það sem við erum alltaf að fást við í okkar starfi.

Aðalatriðið er að fá þetta þannig framsett að hver einasti maður geti skilið um hvað arkitektúr snýst.“

Höfum við einhverja raunverulega garðhúsahefð hér á landi?


„Já. Á fyrri hluta 20. aldar var verið að úthluta hér landi, sem aðallega var ætlað til að rækta kartöflur og matjurtir. Þetta var á stóru svæði þar sem Kringlan er núna og þar voru reistir tugir ef ekki hundruð af litlum kofum, sem við höfum því miður ekki nostrað við og haldið, heldur fjarlægð.

Síðan má kannski sjá leifar af þessari hefð í dag, bæði við Rauðavatn og Elliðavatn,“ segir Dennis.

„En í dag erum við ekki að reisa skýli fyrir veðri og vindum við matjurtgarða,“ segir Hjördís. „Við kaupum grænmetið í stórmörkuðum og þess vegna ákváðum við að húsið okkar ætti fremur að snúast um skjól frá streitu hvunn dagsins. Þar er ekki sjónvarp, tölva eða sími.“

Þegar verk þeirra 17 arkitekta sem eiga garðhús á sýningunni eru skoðuð er eins og þeir hafi margir í huga flótta frá stressi, hraða, fólksfjölda, tækni og nútímaheimi.

„Já, það vantar líklega marga einveru og næði nú til dags. Okkar hús er hins vegar



Sigurverk Hjördísar og Dennis.

hugsuð fyrir tvo. Við köllum það Hús árstíðanna og það á að endurspegla þjóðarsálina. Það er á tveimur hæðum. Neðri helmingurinn er lokað rými þar sem hægt er að leita skjóls á myrkum vetrardögum – til að sitja við arineld, einn eða með ástvini sínum, lesa, hugsa, tala saman í friði, eða hvað sem er. Þessi hæð endurspeglar þjóðarsálina í því að á veturna förum við Íslendingar dálítið inn í okkur. Á efri hæðinni, undir gegnsæju hvolfþaki, er hins vegar hægt að dást að miðnætursólinni og njóta birtunnar á sumrin. Á veturna er hægt að dást að stjörnunum og norðurljósum.

Hvers vegna hugsuð þið húsið fyrir tvo?

„Það er svo nauðsynlegt að hafa félagskap,“ segir Dennis. „Það er ekkert sem bannar að maður geti verið einn þar, þegar mann vantar næði, en það er nú svo að oft vantar hjón, eða þar, næði til að tala saman og rækta sitt samband í heimi þar sem allt annað gengur fyrir.“

Nú er hvorki gert ráð fyrir eldhúsi né salerni í húsinu?

„Nei, ekki í þessari útgáfu. Reglurnar, sem okkur voru settar, voru þær að húsið mætti bara vera tveir og hálfur þinn þrjú metrar að ummáli og fjórir og hálfur metri á hæð, þannig að þetta er hugmynd en ekki 100% raunveruleiki. Þetta er ekki sumarhústaður þar sem fólk getur búið og sofið. Þetta er fyrst og fremst hugsuð sem gríðastaður en það væri auðvitað hægt að búa til aðeins stærra hús þar sem væru nauðsynjar eins og eldhúshorn og salerni svo hægt væri að dvelja þar í einhvern tíma.“